

# Hverfisráð Hríseyjar

## 166. fundur

Fimmtudaginn 7. desember 2023 kl. 20 var haldinn 166. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Gestur Leó Gíslason varamaður. Áheyrnarfulltrúi bæjarráðs var Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásrún Ýr Gestsdóttir, nýr þjónustu- og upplýsingafulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey.

Hverfisráð óskar Ásrúnu Ýr til hamingju með nýtt starf og býður velkomna á fund hverfisráðs.

## Dagskrá

### 1. Framkvæmdafé 2023

Enn er eftir stór hluti af framkvæmdafé ársins 2023. Farið yfir þau verkefni sem stóð til að fara í á árinu 2023 en ekki hefur verið hafist handa við af ýmsum ástæðum. Óskað var eftir samtali og samráði vegna verkefna í vor sem ekki fékkst. Skoðað verður að nýta hluta af því fé sem eftir er til kaups á sánaklefa eða innrauðum klefa fyrir sundlaug Hríseyjar sem fagnar 60 ára afmæli um þessar mundir.

### 2. Skipulag

Hverfisráð átti fund með starfsfólki á þjónustu- og skipulagssviði fyrr í haust þar sem jákvætt var tekið í að fjölga íbúða- og iðnararlóðum á grunni aðalskipulags.

### 3. Skipulag hafnar- og miðsvæði

Ítrekað að fara þurfi í samþykkt skipulag hafnar- og miðsvæðis eyjarinnar og að koma þeim framkvæmdum inn á framkvæmdaáætlun Akureyrarbæjar. Óskar hverfisráð Hríseyjar eftir að umhverfis- og mannvirkjaráð taki málið fyrir við undirbúning fjárhagsáætlunar 2025.

### 4. Brekkugata

Hverfisráð Hríseyjar óskar eftir því að umhverfis- og mannvirkjaráð taki upp og setji á framkvæmdaáætlun hellulagningu á Brekkugötu. Brekkugata er eina gatan inni í þorpinu sem ekki hefur verið hellulögð eða malbikuð og verður gatan að moldar og drullusvaði í votviðri og umhleypingum. Einnig þarf að huga betur að snjómokstri í Brekkugötu.

### 5. Lokun gatna vegna sleðafjörs

Hverfisráði barst bréf frá elsta stigi Hríseyjarskóla þar sem ósk um götulokanir fyrir sleðafjör tvo daga í mánuði frá og með nóvember 2023 til og með febrúar 2024. Er

óskað eftir að götunum Lárubrekku, hluta Miðbrautar, hluta Hólabrautar og hluta Norðurvegs. Hverfisráð tekur vel í erindið og óskar eftir álitum skipulagsráðs.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið 21:37